

**Sp.**

**882. Svar**

**[375. mál]**

fjármálaráðherra við fyrirspurn Guðna Ágústssonar um eignir ríkisins.

Fullnægjandi upplýsingar um efni fyrirspurnarinnar liggja ekki fyrir í ráðuneytinu.

Eflaust er unnt að kanna verðmæti eigna ríkisins á yfirstandandi ári, en sú könnun yrði dýr í framkvæmd og tafsöm. Hins vegar er mjög brýnt að unnið verði að því að fullgera skrá yfir eignir ríkisins. Er skemmst að minnst þeirra erfiðleika sem urðu við að safna saman upplýsingum í skýrslu fjármálaráðherra um kaup og sölu fasteigna á vegum ríkisins á árunum 1982–1987, en hún var lögð fyrir Alþingi í nóvember sl. að beiðni nokkurra alþingismanna. Þegar beiðni um þessa skýrslu var upphaflega borin fram á 109. löggjafarþingi og send fjármálaráðherra var öllum ráðuneytum þegar ritað bréf hinn 27. febrúar 1987 og óskað eftir upplýsingum um fasteignaviðskipti þeirra eða stofnana á þeirra vegum. Aðeins fjögur ráðuneyti svöruðu bréfinu og gáfu takmarkaðar upplýsingar. Varð að leita eftir þessum upplýsingum um fasteignaviðskipti ríkisins m.a. í ríkisbókhaldi og þeim eignarheimildum sem lágu fyrir í fjármálaráðuneytinu og reyndist öll sú vinna erfið og tímafrek. Úr þessu hefur hins vegar verið bætt nú.

Rétt er að geta þess að árið 1981–1983 var unnið að gerð skrár yfir fasteignir ríkisins í mörgum ríkisstofnunum. Skrárnar voru færðar eftir kerfi sem starfsmenn SKÝRR hönnuðu, en það gerir skrána tölvutæka og þar með mun notadrýgri fyrir stjórnarsýsluna og auðveldar viðhald hennar.

Hluti þessarar skrár er þegar í notkun hjá landbúnaðarráðuneytinu við álagningu afgjalda af bújörðum og útleigðum löndum og lóðum. Í skránni eru upplýsingar um eignir þessar sem skrá Fasteignamats ríkisins veitir og aðrar upplýsingar, svo sem eignarheimildir, veðmálabókarnúmer, eignarhluti ríkissjóðs í prósentum, tegund eignar og nafn umsýslu- aðila, þ.e. þeirrar ríkisstofnunar sem nýtir eignina og ber ábyrgð á henni gagnvart ríkissjóði. Samhliða eignaskránni verða útleigusamningar skráðir í tölvu SKÝRR og sú skrá notuð til innheimtu á leigugjöldum á sama hátt og nú er gert hjá Jarðeignum ríkisins.

Ráðuneytið telur skynsamlegra að verja þeim fjármunum sem færu í skyndikönnun eigna eftir kjördæmum til að fullgera eignaskrá ríkisins og fá með því trúverðuga og notadrjúga skrá til framtíðarnota. Af þeim sökum hefur verið ráðinn sérstakur starfsmaður til að sinna þessu brýna verkefni og er vonast til að ljúka megi vinnu við eignaskrá ríkisins á næsta ári.